

## Skólaráðsfundur 18.03.2025 – Teams fundur

**Mættir:** Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldraráðs), Maríanna Guðbergsdóttir (fulltrúi foreldra), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Anna Sigrún Jónsdóttir (fulltrúi kennara), Emilía Ísis Nökkvadóttir (fulltrúi nemenda), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólastjóri) og Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri).

### Skólanámskrá

Síðasta skólanámskrá var með gildistíma til 2025 (hafði verið gerð til fjögurra ára). Við erum því búin að fara yfir hana hjá okkur, uppfæra og laga örlítið. Skólanámskrá er nú sett upp skv. viðmiðum sem gefin hafa verið út hjá MMS. Sumt var tekið út sem hefur verið í starfsáætlun skólans út frá viðmiðum sem Kópavogsbær sendir grunnskólunum, töldum óþarft að hafa þau atriði á báðum stöðum. Efnisyfirlitið og skólanámskráin er þá eins og frá MMS, þó nokkrum blaðsíðum styttri en hún var, en engar róttækar stefnu eða áherslubreytingar voru gerðar.

Einnig er búið að yfirfara aðrar áætlanir á heimasíðu skólans s.s. áfallaáætlun, jafnréttisáætlun, viðbraðgsáætlun við heimsfaraldri og ... Tvær áætlanir sem við getum ekki fullunnið strax því þær eiga að taka mið af áætlunum Kópavogsbæjar sem eru í endurskoðun. Læsisáætlun og Forvarnaráætlun. Þessar tvær geta tekið breytingum í vetur eða næsta haust. Búið er að biðja réttindaráð skólans að fara yfir nýju útgáfuna af Jafnréttisáætlun, var það gert bæði í anda UNICEF skóla að þau fái að vera með í ráðum og koma með ábendingar en líka vegna þess að óska hafði komið frá réttindaráði um að sú áætlun yrði uppfærð.

Varðandi læssistefnuna þá er búið að mynda teymi innan húss sem er að endurskoða hana m.a. út frá viðmiðum Kópavogsbæjar en líka út frá áherslum sem við erum að reyna að leggja á lestur (eins og víða). Gamla áætlunin enn á heimasíðunni en sý nýja mun vera töluvert breytt. Erum búin að vera að senda kennara á yngsta og miðstigi á PALS lestrarnámskeið og breyttum uppsetningu stundatöflu hjá okkur síðasta haust til geta haft litla lestrarhópa í 1 og 2 bekk. Setjum þá inn bæði fjölda kennara og líka sérkennara auk þess sem talmeinafræðingur hefur verið kennurum innan handar. Uppsetning og kerfi sem er í þróun, reynum að meta eftir veturinn hvað er að ganga vel þar og hverju við þurfum mögulega að breyta.

Einn liður í að reyna að gera gott betra og við eins og margir skólar að setja púður í lestur. Kannski ekki sjáanlegur árangur á einni helgi en vonandi til lengri tíma.

Farið yfir stöðu í framkvæmdum sem hafa verið miklar í vetur.

Erum komin með allar fimm kennslustofurnar sem við misstum út í haust aftur í notkun og líka vinnuherbergi sálfræðings. En það var ákveðið að halda áfram með stofur í A-álmu og taka þær líka í gegn þó að ekki hafi mælst mygla þar. A-álman er elsta álmann og þar er tvær stofur í framkvæmdum núna. Höldum því áfram að púsla kennslu í aðrar

stofur þar til allt verður klárað en auðvitað mikill léttir þegar við gátum losað íþróttasalinn og félagsmiðstöðina.

Framundan er svo að skipta um rúður og gluggalista í allri A-álmú og í sumar er stefnt að því að taka efrihæðina þar þ.e. sérkennslustofu og rými hjúkrunarfræðings með sama hætti og búið er að gera í stofunum nú í vetur.

Rætt um afmælisgjöf frá foreldrafélaginu vegna 50 ára afmælis skólans.

Rætt um vorhátíð sem foreldrafélagið sér um að skipulaggja annað hvert ár, verður haldin 6. júní nk.

Rætt um mötuneyti, kannað verður hvort hægt er að vera með fjölbreyttari kosti á salatbar.

Fundi slitið